

Alþingi

Erindi nr. P 122/1319
komudagur 19/3 '98

Reykjavík 18. mars, 1998

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri V/ Templarasund
150 Reykjavík


Umsögn BSRB við frumvarp til laga um gjald af áfengi, 480. mál

Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er hér fyrst og fremst um að ræða breytingar á gjaldi fyrir áfengi. Jafnframt er bent á að um sé að ræða breytingar í samræmi við tillögur nefndar “sem miða meðal annars að því að eftirlit með dreifingu og markaðssetningu áfengis hér á landi verði aukið, spornað við neyslu og henni stýrt með gjalddöku á vörurnar.”

Í samræmi við þetta er lagt til að 0,3% af innheimtu gjaldi af áfengi sem flutt er inn til sölu eða vinnslu, eða sem svarar 15 milljónum kr. verði ráðstafað til lögregluþyrvalda vegna áfengiseftirlits. Í greinargerð um 6. gr. frumvarpsins segir að þessari fjárhæð sé ætlað að standa straum af nýjum verkefnum sem lögregluþyrvaldum er ætlað að sinna vegna áfengiseftirlits, m.a. eftirliti með birgðageymslum áfengisheildsala og sölu og dreifingu áfengis í veitingahús.

BSRB er því fylgjandi að eftirlit með áfengissölu og þar með skatteftirlit, verði eftl. En eins og BSRB benti á þegar heildsalan var tekin úr höndum ÁTVR með lagasetrningu árið 1995 var með þeirri ráðstöfun grafið undan eftirlitsstarfsemi og augljóst að eftirlitið yrði bæði dýrara og erfiðara á alla lund. Reynslan hefur sýnt að þetta voru rétt varnaðarorð enda augljóst mál að auðveldara er að sinna eftirliti þegar hver einasta áfengisflaska sem kemur til landsins og fer til veitingahúsa er merkt á óvæfengjanlegan hátt ÁTVR. Fyndist flaska í veitingahúsum án slíkrar merkingar mátti ljóst vera að smygl væri á ferðinni. Nú er verið að leggja til að lögregluþyrvalit verði eftl og verði það fjármagnað með sérstakri skattheimtu. **BSRB telur að fara eigi auðveldustu, hagkvæmustu og markvissustu leiðina til að efla eftirlit, leið sem jafnframt er ódýrust fyrir skattborgarana.** Sú leið er að færa alla heildsöluna að nýju undir ÁTVR og búa þannig í haginn fyrir ódýru og markvissu eftirliti.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir,
skrifstofustjóri